



Starfsáætlun SGS fyrir 2026 og 2027

Félagsleg mál

- ✓ Efla innra starf SGS
- ✓ Halda áfram vinnu vegna málefna sjúkrasjóðanna. Útbúa fræðslu og kynningaefni og hvetja til ábyrgðar. Skoða færar leiðir fyrir stjórnir sjóðanna til að sporna við þróuninni.
- ✓ Vinna að aukinni samvinnu aðildarféлага SGS.
- ✓ Hringferð forsvarsmanna SGS til allra aðildarfélaganna.
- ✓ Kynningarherferð um gildi þess að vera í stéttarfélagi.
- ✓ Setja í loftið nýjan vef SGS, nýta betur rafrænar lausnir, bæta þýðingar á ensku og pólsku.
- ✓ Efla starf trúnaðarmanna aðildarfélaganna

Kjaramál

- ✓ Ráðstefnur um hvern kjarasamning á starfstímabilinu, þeir verði yfirlesnir og tillögur að úrbótum mótaðar.
- ✓ Yfirfara, einfalda og uppfæra kjarasamninga til nútímans.
- ✓ SGS beiti sér áfram gegn útvistun starfa í ræstingum, að störf verði tekin til baka úr útvistun og frekari útvistanir stöðvaðar.
- ✓ Auka samstarf við önnur landssambönd með sambærilega samninga.
- ✓ Vinna markvist að styttingu vinnuvikunnar á almennum vinnumarkaði. Kjararáðstefna til að ræða styttingu vinnuvikunnar og útfærslu hennar á almennum vinnumarkaði. Mikilvægt að fólkið á gólfinu sem vinnur störfin taki þátt í þeirri vinnu.
- ✓ Rýna stofnanasamningskerfið hjá ríkinu, þar er úrbóta þörf.
- ✓ Gera þarf úttekt á störfum varðandi vinnu sjálfboðaliða, skiptinema, fólks á starfsþjálfunarsamningum.
- ✓ Gera þarf úttekt á störfum ungmenna í vinnuskóla hjá sveitarfélögum. (Vinna á leikskólum og ganga í störf annarra almennra starfsmenna hjá sveitarfélögum).
- ✓ Kynna kjarasamninga og réttindi á vinnumarkaði. Kjaramál á mannamáli.
- ✓ Vinna áfram gegn starfsemi gulra stéttarféлага

Upplýsinga- og fræðslumál

- ✓ Efla fræðslu fyrir félagsmenn aðildarféлага SGS
- ✓ Halda áfram að gefa út stutt og hnitmiðað efni um einstaka flokka kjaramála og miðla þeim á samfélagsmiðlum.
- ✓ Styrkja ungliðastarf innan SGS og aðildarfélaganna með árlegum ungliðafundi.
- ✓ Styrkja þekkingu starfsfólks stéttarfélaganna með árlegum fræðsludögum, og reglulegri fræðslu þess á milli.
- ✓ Ferð til félaga okkar á Norðurlöndunum til að kynna starfsemi stéttarféлага þar.

- ✓ Auka samvinnu milli starfsfólks stéttarfélaganna með samstarfsvettvangi á vegum SGS.
- ✓ Stuttir upplýsingafundir með formönnum varðandi þau mál sem eru á döfinni.

Annað

Skipuleggja ráðstefnur og/eða málþing um:

- ✓ Halda málþing / fundi hjá afmörkuðum sviðum starfsgreina t.d. fiskeldi, ræstingar, iðnverkafólk, ferðaþjónustu, starfsfólk leik- og grunnskóla o.s.frv.
- ✓ Virðismat starfa.
- ✓ Launþjófnað og brot á vinnumarkaði.